A full assessment is not possible here as there remained unexcavated deposits and features in 2005. Therefore the collection of contexts may actually represent more than one arrangement that straddle two separate phases. The interpretation is also

made difficult due to heavy truncation from a long sequence of graves that have been placed in the west end. However, the internal arrangement 3/4 comprised the cobbled surfaces, though only at the east end [2323, 2370, 2339], the retaining wall in the central area [2314] and the wall running east west [2277], the altar area [2366], turf surfaces [2324, 2352], a gravel surface [2357] and a peat ash surface [2368] under which there remain unexcavated cobbles, and the surfaces and stones revealed in 2004 [2210, 2211, 2212, group 2213]. There were some indications that these contextual remnants are at least two separate arrangements: under the gravel surface [2357] there were two postholes [2358, 2360 and 2361, 2362]. These survived truncation from the graves. It is likely that these were used for internal supports or for fixed furniture inside the church rather than for load bearing support posts, but this will become clearer in 2006. The turf walls discussed in relation to the phase 6 [2364 (sw), 2281 (e), 2319 (n), 2333 (w)] may have been remnants of an earlier turf construction, though excavation in 2006, again, should clarify this.



*Figure 11. Phase 6/7 transition*

## **Discussion**

One of the most striking aspects of the excavation in 2005 was the sheer quantity of stone used inside the church (fig. 11) for no other purpose than to perhaps stabilise the wooden floor surface. Seven layers of stone surfaces were removed from the east

area, three from the central area (though more still needs to be excavated) and five from the western area. Subsidence was clearly a major problem which would have been exacerbated by the continued burial inside the church in the western half. The subsidence problem also made the whole structure unstable and there are clear signs of significant modifications to the south wall during all the used phases of the church (4, 5 and 6) discussed here.

Within some areas of the cobbled surfaces there are other anomalies, such as areas with less stone or different stone arrangements. These may have been walls used to retain the stones in place or are features from an earlier church that have been reused in later phases. Others perhaps indicate spaces for furniture or for supporting posts. The southern entrance which was constructed in phase 6 arrangement 2, and the wall [2314] that was revealed in phase 6 shows that there was a gap perhaps indicating an entering point into the chancel by whoever was coming through the southern entrance. This is demarcated by larger flat stones. The retaining wall which runs north to south across the church was modified to allow this feature, suggesting that perhaps at the phase 6 level the wall was not structural but used to define internal space or used to help raise the floor at the altar end or perhaps served as a step into the chancel. The altar feature was revealed at a relatively high level during the removal of the stone cobbled surfaces.



*Figure 12. Stone removed from the church.*

There are some slight differences in the shape of the church between the successive arrangements. Arrangement 1 was a little wider than 2, but was perhaps a necessary feature to accommodate the height differences and increased surface area as a result of the slightly sunken character of the church. There was also a misalignment between phases 5 and 6 church: phase 5 church was aligned 6 degrees to the site grid, with the phase 6 church aligned at 14 degrees.

## Gripir

Eins og árið 2004 fannst mikið af gripum, aðallega í gólfleti kirkjunnar. Gólfletinum var, eins og árið 2004, skipt í 1 m ferninga og gripum safnað saman úr þeim. Einnig var ákveðið að fjarlægja eitt lag af smásteinum í einu, en þeir voru aðallega í kórnum, til þess að fá betri hugmynd um hvernig gripir dreifðust. Steinalögin sem fjarlægð voru úr kórnum reyndust vera 8 talsins og var það mikið magn steina. Mörg þessara laga tilheyra að öllum líkindum sömu byggingarstigum kirkjunnar, eins og sýnt er fram á hér að neðan.

Alls voru skráð 782 fundanúmer sumarið 2005, en fleiri en einn gripur fellur undir mörg þeirra (sjá fundaskrá í viðauka 1). Af þeim voru 670 skráð í einhverju af þeim lögum sem talin eru vera gólflög kirkjunnar, eða 85,7%. Helstu efnisflokkar eru járn (369 númer skráð, 47,2%), gler (116 númer skráð, 14,8%), kopar/koparblanda (93 númer skráð, 11,9%), steinn (93 númer skráð, 11,9%), textíll (31 númer skráð, 3,7%), viður (28 númer skráð, 3,6%), leir (22 númer skráð, 2,8%) og blý (20 númer skráð, 2,8%). Að auki fannst leður (4 númer skráð, 0,5%), raf (3 númer skráð, 0,4%), tálgukol (2 númer skráð, 0,3%) og gull (1 fundur skráður, 0,1%). Stór hluti járngrípanna voru naglar af ýmsum gerðum og glersins rúðugler. Stærsti hluti grípanna er af mjög almennum gerðum sem erfitt er að aldursgreina nákvæmlega. Nokkra var þó hægt að aldursgreina. Meðal áhugaverðari grípa voru eftirfarandi:

**Fingurhringur** (161) úr gulli sem fannst ofarlega í kórgólfinu [2253] (mynd 13). Hann er breiðastur í miðju ofan á, þar sem hann er sleginn upp og hafðar upp brúnirnar. Rómanskt blaðskraut er þar á, en það var notað á Íslandi frá um 1200 alveg fram á 18. öld<sup>6</sup>. Hann er 2,2 sm að þvermáli og gæti því verið hvort sem er, karlmanns- eða kvenhringur, 3,8 g að þyngd, 18 karöt, sem var algengast á miðöldum,

<sup>6</sup> Signe Horn Fuglesang, sérfræðingur við Centre for Viking and Medieval Studies í Oslo sá mynd af hringnum og taldi að stílfraðilega mætti e.t.v. tímasetja hann til um 1200.

drifsmíði, þ.e. sleginn, en það er forn aðferð<sup>7</sup>. Alf Hammervold flokkar slegna hringi og hringi með svipuðu lagi og þann sem fannst í Reykholti meðal þeirra eldri í skrá sinni yfir norska miðaldahringi<sup>8</sup>. Poul Grinder Hansen, sérfræðingur við Þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn, sá mynd af hringnum og taldi lagið geta verið frá um 1500. Hringur sem fannst í tóft á Rangárvöllum og Þjóðminjasafnið keypti 1874 (Þjms. 990), er eins gerður og hefur sama lag en er óskreyttur. Sá hringur er í aðfangaskrá talinn vera með fornu lagi og tímasettur til 10. eða 11. aldar. Annar hringur á Þjóðminjasafni (Þjms. 4144), sem fannst á Miðeyri í Grímsnesi um 1835, einnig í tóft, hefur svipað skreyti og Reykholtshringurinn. Hann er úr gulli, breiðastur um miðjuna, en brúnirnar eru ekki hafðar upp. Hann er 1,6 sm að þvermáli innan, en er opinn þannig að það hefur mátt stækka hann og minnka eftir þörfum. Ekkert samanburðarefni fyrir þessa hringi hefur fundist erlendis og þeir gætu hæglega verið íslensk smíði. Helsta niðurstaða um aldur er að Reykholtshringurinn sé frá um 1500. Ætlaður aldur innsiglið (204) sem lýst er hér að neðan styður þá tímasetningu.

**Innsigli** (204) úr koparblöndu sem fannst í sama kórgólfi [2253] og gullhringurinn (mynd 14). Hringlaga, 2 sm í þvermál, með þykkri lykkju neðaná sem er ekki í miðju. Hefur innsiglið væntanlega hangið í keðju. Ofaná því er búmark á miðjum fleti og áletrun umhverfis, sem e.t.v. má lesa þannig: S[igillum]: HAFLEDI: MAR<sup>9</sup>. Af stafagerð má ætla að innsiglið sé frá fyrri hluta 16. aldar<sup>10</sup>. Lögum og hengilykkjan aftaná benda til hin sama<sup>11</sup>.



Mynd 13. Gullhringur (161).



Mynd 14. Innsigli (204).

<sup>7</sup> Samkvæmt greiningu Dóru Jónsdóttur gullsmiðs 11.7.2005.

<sup>8</sup> Hammervold 1997.

<sup>9</sup> Ég þakka Guðmundi Magnússyni sagnfræðingi fyrir aðstoðina við þetta.

<sup>10</sup> Sigilla Islandica I 1965.

<sup>11</sup> KLM XV, 214.

Mjög svipað innsigli, en með öðruvísi búmerki, fannst í Skálholti og er tímasett til 15. eða 16. aldar<sup>12</sup>. Enginn prestur er þekktur með þessu nafni, en innsiglið gæti vel hafa tilheyrt leikmanni. Búmark Hafliða Skúlasonar, 1490, er svipað því sem er á Reykholtssinnsiglinu<sup>13</sup>. Ekkert er vitað um hann á þessu stigi.

**Leirkerabrot** (694) sem fannst í torflagi [2330] innan ferningslaga steinsetningar [2366] í miðjum kór, neðsta laginu sem grafið var upp þar 2005 og tilheyrir fyrri skeiðum kirkjunnar. Belgrot með aflíðandi, lágum stalli utaná. Leir er dökkgrár innst, ljósgrár yst, ljósgrænn glerungur með gulu utaná, bleikt innan (mynd 15). Brotið er líklega frá 13. eða 14. öld, úr hálsi könnu frá Englandi<sup>14</sup>, helst frá East Anglia eða Lincolnshire<sup>15</sup>. Annað leirbrot (766) fannst í sama lagi. Það er flatt og hrjúft á einni hlið, kvarnað upp úr hinni, óglerað, virðist vera formað í sveig á einni brún og gæti verið hluti af flís eða álíka.



Mynd 15. Leirkerabrot (694)



Mynd 16. Koparhringur (395)

**Fingurhringur** (395) úr koparblöndu sem fannst ofarlega í gólflagi kirkjunnar [2202] (mynd 16). Jafnbreitt band, breidd 0,7, þykkt 0,1 sm, með ristum skrauti, fest saman með hnoðnagla. 1,9-2,1 sm í þvermál. **Fingurbjörg** (324) úr koparblöndu sem fannst ofarlega í gólfi [2267]. Heil, símunstruð smáum holum, 2 renndar rákir við brún. Hæð 2,5, þvermál 1,6-2 sm. **Kertapípur** eða brot, alls 22 að tölu, fundust dreifð í flestum góflögum. Flestar eru þær af mjög einfaldri gerð: koparþynna sem rúllað er upp í keilu, tegund sem fundist hefur við uppgröftinn undanfarin ár. Mynd 17 sýnir tvær nýjar tegundir sem ekki hafa fundist áður. Þær eru báðar heilar. Önnur (198) er grönn,

<sup>12</sup> Kristján Eldjárn o.fl. 1988, mynd 33 og bls. 74.

<sup>13</sup> Sigilla Islandica II, 236.

<sup>14</sup> Sjá t.d. McCarthy & Brooks 1988, 252-255.

<sup>15</sup> Upplýsingar frá Alan Vince, leirkerasérfræðingi í Lincoln, en hann skoðaði brotið.



með löngum mjórri upprúlluðum staut niðurúr, lengd 5,4, þvermál 1,1-1,5 sm. Þvermál gats sem kerti hefur hvílt í 0,8-1 sm. Hin (360) er með tenntum skornum kanti og gati á einni hlið sem hún hefur getað verið hengd upp á. Lengd 6, þvermál 0,95-1,9 sm.



Mynd 17. Kertapípur (360) til vinstri og (198) til hægri.

Ein ný tegund gripa úr kirkjugrunninum eru þessar, plötur með gróft formuðum brúnum, flestar aflangar, úr mjög viðkvæmu gleri sem hefur sprungið (mynd 18). Það er líklega gert úr pottösku, af gerð sem var framleidd í Evrópu frá 9. eða 10. öld og fram á 15. öld<sup>16</sup>. Mörg brotin hafa greinilega gulbrúna áferð, en eru ekki gagnsæ. Breidd má mæla á nokkrum brotanna og er hún á þeim stærri 2,5-3 sm, þykkt um 0.5 sm. Alls voru skráð 14 fundanúmer sem talin eru geta verið af svipaðri tegund (136, 186, 193, 199, 238, 249, 358, 362, 393, 410, 474, 520, 581, 600). Flest, eða alls 9 brot, fundust á afmörkuðu svæði í þremur gólfögum í suðurhluta kórsins [í m<sup>2</sup> 21, 22, 26 og 27 í lögum 2253, 2275, 2288]. Ef þessi brot eru úr sama grip, bendir þetta til þess að öll þrjú lög tilheyri sama byggingarskeiði kirkjunnar. Líklegast er að brotin hafi tilheyrt **skreyttum glugga** eða **kirkjugrip**. Benda má á að sumarið 2004 fannst mikið af rúðugleri á sama svæði og þar sem miðaldaglerið fannst<sup>17</sup>. Líklegt er að predikunarstóllinn hafi staðið í suðausturhorni kirkjunnar, en í kirkjunni sem sést í

<sup>16</sup> Haft eftir John Shepherd sérfræðingur í Institute of Archaeology sem skoðaði brot RKH-05-358. Glerið er, samkvæmt prófessor Thilo Rehren við sömu stofnun, of illa farið til þess að greina það efnafræðilega.

<sup>17</sup> Hrönn Konráðsdóttir 2004, mynd 4.

vísitasíum 1781-1833 er sagður vera fjögurra rúðu gluggi yfir predikunarstólnum. Í úttektum kirkjunnar fyrir þennan tíma og allt aftur til 1664 er nefndur stór glergluggi yfir altarinu<sup>18</sup>.

Fleiri brot fundust sem gætu hafa tilheyrt **skrautgluggum**. Sameiginlegt einkenni þeirra er að þau eru flöt. Þrjú brot (192, 363, 518) (mynd 19) sem passa saman fundust á sömu slóðum og fyrrgreind brot, í m<sup>2</sup> 21, 22 í suðurhluta kórs, í gólfögum [2253, 2275, 2288]. Þau eru dökkgræn með greinilegu ámáluðu skrauti. Munurinn á þeim og fyrrgreindum brotum er sá að þessi bera greinileg merki þess að vera glerbrot.



Mynd 18. Glerplötur (136, 410, 474) úr skreyttum glugga/kirkjugrip?



Mynd 19. Gler (192, 363, 518) úr skrautglugga?

Annar hópur, sem gæti verið úr skrautgluggum, eru sex grænleit glerbrot, sum með skreyti (20, 194, 222, 224, 409, 642). Fjögur þeirra fundust á sama svæði og áðurgreind brot, í m<sup>2</sup> 21, 22 og 26 í suðurhluta kórs, í gólfögum [2253 og 2275], tvö fundust í gólfögum sem voru ofan [2246] og neðan [2305] við þau, í m<sup>2</sup> 10 og 11 í norðurhluta kórsins. Aðeins tvö þeirra (20, 194) eru greinilega úr því sama. Nokkrar blýlengjur fundust sem gætu verið hlutar af **gluggaumgerðum** (296, 257, 322). Engin þeirra fannst þó á sömu slóðum og fyrrgreint skrautgler, heldur við og í suðvesturvegg og í miðskipi kirkjunnar.

**Hjarir** (294) úr jární fundust í sandsteinslagi [2274] í miðju kirkjuskipi sem er eldra en gólfag [2267], það næstefsta sem grafið var upp í sumar. Staðsetning þeirra gæti bent til þess að í miðri kirkju hafi verið dyr úr framkirkju inn í miðskipið. Brot úr **þrífættum potti** (141, 323) með hornmáluðu skreyti fundust í efsta [2243] og næstefsta [2274] gólfagi. Einnig brot úr hornmáluðum diskí (340). Gæti verið frá 17.

<sup>18</sup> Guðrún Harðardóttir 2003, 21.

eða 18. öld<sup>19</sup>. Brot úr **krítarpípum** (302, 383, 721) fundust í gólfögum [2267, 2233, 2243 og 2352]. Fyrst er farið að nota krítarpípur á Íslandi á f.h.l. 18. aldar. Undir þeim í lögum [2365 og 2367] fannst brot úr **rauðleir** (756), **kertapípa** (768) og hringlana þung blýplata með koparáferð og gati í miðju (767), e.t.v. botn af einhverju. Brot úr **bökunarhellu** (595) fannst í gólflagi [2312], sem tilheyrir eldra skeiði vestast í kirkjunni. Það er úr flögóttu klébergi, af sömu gerð og brot sem fundust við bæjarhólsuppgröftinn í Reykholti<sup>20</sup>. Bökunarhellur voru notaðar til þess að baka á brauð og annan mat, og voru algengar á miðöldum. Þær sem fundist hafa í Reykholti eru líklega innfluttar frá Noregi<sup>21</sup>.

Meðal annarra gripa voru brot úr **rafperlum** (1, 626), og tvær **tálgukolsperlur** (126, 336) með hörpuskel, af sömu gerð og fundist hafa undanfarin ár, allar í efri gólfögum, og **skeifubrot** (127, 209, 243, 313) einnig í efstu gólfögum. Lítil **steinkross** (695) (mynd 20) úr hverasteini hafði verið endurnýttur, líklega í gólfi í suðurhluta framkirkjunnar. Hann er 25 x 27 sm að umfangi, mest um 8 sm þykkur, armarnir eru 11-12 sm breiðir og virðast breikka aðeins út. Hann virðist vera jafnarma, en leggurinn er brotinn af. Annar endurnýttur hlutur úr hverasteini er brot af stóru íláti (603) (mynd 21) sem var nýttur í suðurvegg kirkjunnar [2304]. Rák, sem er 1 x 0,45 m hefur verið holið í aflangan stein með oddlaga enda. Brotið er af hinum endanum.

Á sama svæði fundust tvö mótuð, gróf og ógleruð leirbrot (547, 710). Greining þeirra benti til þess að leirinn væri innlendur og að þetta væru ekki leirkerabrot<sup>22</sup>. Þar sem brotin fundust í suðurvegg kirkjunnar, má hugsa sér að þau séu hluti af veggjagerðinni, en leirklæðning í veggjum er algeng þó að merki um slíkt hafi ekki fundist áður á Íslandi. Á sömu slóðum, í og við suðvesturvegg kirkjunnar, fannst nokkuð af **gjalli** (464, 466, 473, 549) ásamt **deiglubroti** (264). Hvorutveggja bendir til járnvinnslu á þessum stað á einhverju skeiði. Hugsanlegt er að fyrrgreind leirbrot tilheyrir þeim umsvifum. Á svipuðum slóðum fannst kolaður viður [2250] sem tilheyrir veggjagerðinni. Öll þessi ummerki benda til þess að eldur hafi orðið laus við eða í veggnum.

---

<sup>19</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir 1996, 60 og mynd 36.

<sup>20</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001, 17 og mynd 11.

<sup>21</sup> Weber 1984.

<sup>22</sup> Alan Vince leirkerasérfræðingur greindi.



Mynd 22. Kross úr hverasteini (695).



Mynd 23. Ílát úr hverasteini (603).

Að þessu sinni fundust engin bókarspensl, en þau hafa hingað til verið meðal funda á hverju ári. Hins vegar fannst mikið af rúðugleri, sumt með grænleitri slikju og loftbólum, brot úr glerflöskum og öðrum ílátum, textílleifar og mikið af nöglum.

### Samantekt um gripi.

Helstu niðurstöður sem draga má af dreifingu gripa í hinum ýmsu kirkjugólfslögum, aðallega í kórnum, eins og þau voru grafinn upp, er að mörg þeirra munu tilheyra sama byggingarskeiði kirkjunnar. Það sem m.a. bendir til þessa er dreifing þriggja grænleitra skreyttra glerbrota (192, 363, 518) sem passa saman en fundust í þremur næstefstu lögum [2253, 2275, 2288]. Í sömu lögum fundust aflangar, formaðar plötur úr miðaldagleri sem gert er ráð fyrir að séu úr sama hlut. Þessi þrjú lög, ásamt efsta laginu [2246] sem grafið var upp 2005 virðast því öll tilheyra byggingarstigi 6. Í næstefsta laginu fannst gullhringurinn góði, sem líklegast er að sé frá um 1500 og innsiglið sem gæti verið frá 15. eða 16. öld. Engin krítarpípubrot fundust í kórnum, en hins vegar í kirkjuskipinu, en þau geta ekki verið eldri en frá fyrri hluta 17. aldar. Þar sem allir þessir gripir fundust í steinalögum, gætu þeir hæglega hafa fallið milli laga.

Í moldarlagi [2330] því neðsta sem grafið var upp 2005, fannst brot úr leirkeri frá 13. eða 14. öld. Þó að ílátið sem það er úr gæti vel hafa verið í notkun í langan tíma og því glatast í mun seinni kirkju, er ljóst af jarðlagasamhengi að á þessu stigi er komið niður í miðaldalög kirkjunnar. Annað er ekki unnt að segja um dreifingu gripanna á þessu stigi rannsóknarinnar.

## Niðurstöður – frekari rannsóknir

Rannsókninni í Reykholti miðaði vel áfram sumarið 2005 og margt nýtt kom í ljós. Haldið var áfram þar sem frá var horfið sumarið 2004 og þær kirkjur sem tilheyra stigum 6 og 7 voru rannsakaðar. Gerð og lag þeirra kirkna var um margt frábrugðið tveimur síðustu byggingarstigunum (4 og 5).

Mest áberandi breyting er gerð langveggja. Á skeiðum 4 og 5 höfðu langveggirnir, allt frá vesturgafli að austurgafli, innri og ytri hleðslubrúnir, torfvegg sem kjarna og fyllt upp að beggja vegna hans með mold. Á þessum fyrri skeiðum voru langveggir kirkjuskips og kórs ekki eins gerðir. Veggir kirkjuskips voru þannig gerðir að grafinn var skurður og fylltur af mól sem í sátu stórar hverasteinshellur með svolitlu millibili. Á þeim hafa innra þil kirkjunnar og stoðir væntanlega hvílt. Fleiri en eitt skeið þessarar veggjagerðar fannst, og suður- og norðurveggur voru frábrugðnir. Seinni tíma grafir höfðu verið teknar alveg upp að ytri brúnum hverasteinshelluraðanna við báðar hliðar, svo að erfitt var að sjá hvernig ytri brún veggjanna var gerð. Torfleifar og kolaðar stoðir/fjalir sem fundust við veggina gætu þó verið hluti af veggjagerðinni. Engin merki fundust um grjótundirstöður í veggjum kórsins, hvorki langveggjum né gafli. Þar fundust hins vegar torfleifar sem smásteinar í gólfi lágu upp að og í. Þessir torfveggir voru mikið skemmdir af seinni tíma gröfum. Á þessum fyrri skeiðum var kirkjan bæði lengri og breiðari en síðar varð.

Gangurinn sem gekk suður úr kirkjunni var gerður á þessu skeiði hennar. Í botni hans reyndist vera hellulögn. Greinileg veggundirstaða er í beinu framhaldi af austurhlið gangsins sem skilur kór frá miðskipi kirkjunnar. Inngangur inn í kórinn reyndist vera næst ganginum, markaður hverasteinshellu. Kórgólfíð var þakið fjölmörgum lögum af smásteinum. Alls voru fjarlægð 7 lög. Smásteinar þöktu einnig gólfíð í kirkjuskipinu. Í suðurhluta þess náðu steinarnir alla leið að vesturgaflinum þar sem síðar var moldargólf. Flestir fundir sumarsins voru í þessum lögum. Í miðhluta framkirkjunnar fannst á parti grænleitt sandsteinslag undir torflagi, sem virðist tilheyra gólfi kirkjunnar.

Langveggirnir með hverasteinshellunum eru því í meginatriðum taldir tilheyra nokkrum byggingarskeiðum kirkjunnar, með breytingum þó.

Við lok uppgrftar voru að koma í ljós mannvirkjaleifar sem virðast tilheyra enn eldri byggingarskeiðum, stigi 7, og e.t.v. kirkju sem stóð ekki á sama grunni og

þær sem hingað til hefur verið lýst. Grjótfyllti veggurinn sem liggur eftir kirkjuskipinu endilöngu í norðurhluta þess gæti tilheyrt slíku stigi. Sama er að segja um ferhyrnda steinasetninguna í kórnum miðjum. Hvorugt var fullrannsakað sumarið 2005.

Sumarið 2006 verður haldið áfram að rannsaka þessi fyrri byggingarskeið og farið alveg niður í botn grafanna sem grafnar voru upp í miðri kirkjunni sumarið 2004, en þar fundust merki um mannvist sumarið 2004<sup>23</sup>. Við þetta reynist e.t.v. nauðsynlegt að taka upp fleiri grafir sem eru inni í kirkjunni og ekki hafa verið grafnar upp. Það sem helst liggur fyrir að rannsaka er eftirfarandi:

- Skoða jaðra sem grafir hafa ekki raskað og liggja undir smásteinalögum [2325] (að sunnan) og [2363] (að norðan)
- Grafa upp smásteinalag undir [2368] í vesturenda kirkjunnar, fyrir miðju
- Skoða veggjagerð í austurenda suðurveggjar sem tilheyrir stigi 6. Hér hefði e.t.v. mátt gera ráð fyrir stoðarholum
- Meta á hvaða stigi ferhyrnda hleðslan í kór [2370] og veggir [2314, 2277] voru gerð
- Kanna hvaða stigi veggur [2277], sem liggur í austur-vestur í vestur frá [2314], tilheyrir og ljúka við að grafa upp [2309]
- Kanna hvort torf/veggja leifar [2364 (suðvestur), 2281 (austur), 2319 (norður), 2333 (vestur) og e.t.v. 2234 (vestur)] tilheyra stigi 6 eða 7
- Rannsaka frekar vesturgaflinn
- Skera úr um tilgang og nákvæma staðsetningu malarfyllingar [2351] í skurði [2356] við vesturgaflinn

Mest áhersla verður lögð á að fullrannsaka kirkjubygginguna sjálfa. Ef tími er til, verður svæðið utan við austurgafn kirkjunnar einnig rannsakað frekar, m.a. með tilliti til frásagnar í sóknarlýsingu frá 1842 um steinkistu sem þar á að hafa komið í ljós þegar gróf var tekin, og svæðið sunnan við kirkjuna, milli hennar og bæjarstæðisins, til þess að rannsaka tengsl kirkju við bæjarstæði.

---

<sup>23</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir og Oscar Aldred 2005, mynd 11.

## Heimildir

Guðrún Harðardóttir 2003. Gerðir horfinna Reykholtskirkna. Í Guðrún Sveinbjarnardóttir og Orri Vésteinsson *Reykholtskirkja. Fornleifarannsókn 2002*. Skýrslur Þjóðminjasafns 2003/4, bls. 16-22.

Guðrún Sveinbjarnardóttir 1996. *Leirker á Íslandi /Pottery found in excavations in Iceland*. Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 3. Háskólaútgáfan, 184pp.

Guðrún Sveinbjarnardóttir 2001. *Reykholt í Borgarfirði. Framvinduskýrsla 2000*. Rannsóknarskýrslur 2000/4. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík, 76pp.

Guðrún Sveinbjarnardóttir og Orri Vésteinsson 2003. *Reykholtskirkja. Fornleifarannsókn 2002*. Framvinduskýrsla. Skýrslur Þjóðminjasafns 2003/4. Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Guðrún Sveinbjarnardóttir and Hildur Gestsdóttir 2004. Reykholtskirkja. Fornleifarannsókn 2003. Vinnuskýrslur fornleifa 2003: 1. Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. 41 pp.

Guðrún Sveinbjarnardóttir and Aldred, O. 2005. Reykholtskirkja. Fornleifarannsókn 2004. Vinnuskýrslur fornleifa 2004: 7. Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. 74 pp.

Guðrún Sveinbjarnardóttir 2005. *Reykholtssel í Kjarardal*. Fornleifarannsókn 2005. Vinnuskýrslur fornleifa 2005: 4. Þjóðminjasafns Íslands. 15 pp.

Kristján Eldjárn, Hákon Christie & Jón Steffensen 1988. *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík.

Hammervold, A. 1997. *Dactyliotheca Norvegica Medioevalis. Fingerringar fra middelalderen i Norge*. Varia 40. Universitetets Oldsaksamling.

Horsley, T.J. 2006. *Hvítárvellir, Borgarfjörður, Iceland*. Report on Geophysical Surveys, April-May 2005 for Snorrastofa. University of Bradford, Department of Archaeological Sciences, February 2006.

Hrönn Konráðsdóttir 2005. Rannsókn á dreifingu gripa sem fundust við uppgröft sumarið 2004 í gólfi Reykholtskirkju, sem sést í úttektum 1781-1833. Í Guðrún Sveinbjarnardóttir og Oscar Aldred *Reykholtskirkja. Fornleifarannsókn 2004*. Skýrslur Þjóðminjasafns 2005.

KHL – Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder XV. København 1970.

McCarthy, M.R. & Brooks, C.M. 1988. *Medieval Pottery in Britain AD 900-1600*. Leicester University Press.

*Sigilla Islandica* I 1965. Magnús Már Lárusson og Jónas Kristjánsson sáu um útgáfuna. Reykjavík, 1965.

Weber, Birthe 1984. I Hardanger er Qverneberg og Helleberg... og Hellerne, det er tyndhugne Steene, bruger man til at bage det tynde Bröd Flatbröd paa... *Viking*. Bind XLVII, 1983, bls. 149-160.